

Kópavogsbær
b/t Bergljót Sigríður Einarsdóttir
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Reykjavík 9. apríl 2019
UST201903-092/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing - Aðalskipulag Kópavogs 2012 - 2024 – endurskoðun

Vísað er til erindis verkefnastjóra aðalskipulags Kópavogs er barst 11. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að tillögu að endurskoðun aðalskipulags Kópavogs 2012 – 2024.

Í greinargerð kemur fram að eitt af þeim helstu atriðum endurskoðunar er að samþætta aðalskipulag og stefnu bæjarstjórnar Kópavogs um „Heimsmarkmiðin, markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun“.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda lýsingu og gerir stofnunin eftirfarandi athugasemdir.

Sérstök vernd og uppland.

Í greinargerð lýsingar kemur fram að farið verður í skipulagningu í upplandi sveitarfélagsins miðað við breytt sveitarfélagsmörk. Umhverfisstofnun bendir á að fjölmörg svæði innan sveitarfélagsins, þá sérstaklega leirur sem eru mikilvæg búsvæði fugla og nútímahraun, falla undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúruþyrribæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Það er mat Umhverfisstofnunar að mikilvægt er að það komi fram í tillögunni hver stefna sveitarfélagsins með sjálfbæra þróun að leiðarljósi varðandi verndun þeirra vistkerfa og jarðminja sem eru innan sveitarfélagsins sem falla undir greinina.

Loftslagsmál, loftgæði og hljóðvist

Umhverfisstofnun bendir á að aðalskipulag getur haft áhrif á þætti eins og losun gróðurhúsalofttegunda, loftgæði og hljóðvist. Mikilvægt er að huga vel að þessum atriðum við endurskoðun aðalskipulags. Það er t.d. hægt að gera með því að huga vel að almenningssamgöngum, göngu og hjólastígum.

Vegakerfi

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 1. mgr. 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd kemur fram að Vegagerðin skal halda skrá í stafrænum kortagrunni um vegi aðra en þjóðvegi í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil, sbr. 2. mgr. 7. gr. vegalaga, nr. 80/2007. Skv. 2. mgr. 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að sveitarfélög skuli gera tillögu að skrá skv. 1. mgr. innan sinna marka við gerð aðalskipulags og hlýtur hún samþykkt samhliða afgreiðslu aðalskipulags eða breytinga á aðalskipulagi, sbr. 32. og 36. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010.

Skv. 3. mgr. 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „*Við mat á því hvort tilteknir vegir skuli tilgreindir í vegaskrá skv. 1. mgr. skal sérstaklega líta til þess hvort akstur á þeim sé líklegur til að raska viðkvæmum gróðri, valda jarðvegsrofi, hafa neikvæð áhrif á landslag, víðerni og ásýnd lands eða hafa að öðru leyti í för með sér náttúruspjöll.*“

Náttúruminjaskrá

Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) hefur sett fram tillögur að svæðum á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár út frá verndun vistgerða, fugla og jarðminja. B-hluti er framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár þ.e. skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum. Tillögurnar hafa ekki hlotið þá málsmeðferð sem um getur í lögum og því ekki verið samþykktar, en Umhverfisstofnun vill benda á svæði innan sveitarfélagsins sem er á tillögu NÍ að framkvæmdaráætlun (B-hluta) og kallast það Elliðavatn.

Samkvæmt upplýsingum frá NÍ er forsenda fyrir vali á Elliðavatni sú að í vatninu eru stór og samfelld svæði þar sem tjarnalaukur og álftalaukur vex. Í greinargerð lýsingar segir, þar sem fjallað er um byggðarþróun, að ný íbúðarhverfi og athafnahverfi hafa risið að Elliðavatni í austri.

Helstu ógnir samkvæmt NÍ við Elliðavatn er vaxandi byggð sem þrengir víða að vatninu og vatnsmiðlunin hefur breytt eiginleikum þess. Að mati NÍ þarf að takmarka frekari uppbyggingu í næsta nágrenni vatnsins og tryggja nægjanlegan verndarjaðar.

Það er mat stofnunarinnar að mikilvægt sé að hafa þær upplýsingar fyrir ofangreint svæði til hliðsjónar þegar skipulagsáætlunin er unnin, þegar áhrif á helstu umhverfisþætti eru metin og til að tryggja að verndargildi svæðanna rýrni ekki. Auk þess bendir stofnunin á að þegar framkvæmdaáætlun (B-hluti) náttúruminjaskrár hefur verið samþykkt getur það haft áhrif á verndarstöðu svæðisins.

Fráveitumál

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé nákvæmlega um

hver staða fráveitumála er í sveitarfélaginu, þar sem kæmi fram magn og umfang fráveitu, eðli hreinsivirkja og auk þess er mikilvægt að það komi fram hvert er ástand viðtakans. Einnig bendir stofnunin á, að ef þörf er á úrbótum í fráveitumálum og þá þarf að koma fram hver stefna sveitarfélagsins sé varðandi endurbætur og hver tímarammi endurbóta er.

Mikilvæg fuglasvæði

Það er mat Umhverfisstofnunar að mikilvægt er að það komi fram í tillögunni hver stefna sveitarfélagsins er varðandi verndun mikilvægra fuglasvæða innan sveitarfélagsins og búsvæða fuglategunda sem eru á válista og eru ábyrgðartegundir á Íslandi með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Skerjafjörður var friðlýst sem búsvæði árið 2012 þar sem markmiðið með friðlýsingu er að vernda lífríki við ströndina, í fjöru og á grunnsævi, einkum og sér í lagi með tilliti til fugla.

Þéttbýli og þétting byggðar

Í greinargerð kemur fram að helstu þéttbýlissvæðin séu breytingarsvæði eða lykilsvæði og sett er m.a. fram sú spurning hversu þétt á að byggja á einstökum svæðum og hvernig lítur breytingin út í heildarsamhenginu? Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni hver áhrif þéttingar byggðar hefur á græn svæði og opin svæði á þéttingar- og þróunarsvæðum.

Friðlýst svæði


Umhverfisstofnun bendir á mikilvæði þess að fjallað sé um í tillögunni hvort framkvæmdir utan friðlýstra svæða geti á einhvern hátt haft áhrif á hinu friðlýsta svæðin. Skv. 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að „*Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði. Um aðra starfsemi og framkvæmdir gildir aðgæsluskýlda skv. 6. gr.*“

Umhverfisstofnun biðst velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.



Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur